



Skaftárhreppur, kt. 480690-2069, Klausturvegi 4, 880 Kirkjubæjarklaustri og Björgunarsveitin Lífjölf, kt. 510590-2879, Hraungerði 2, 881 Kirkjubæjarklaustri, í samningi þessum nefnd Lífjölf, sameiginlega nefndir aðilar, gera með sér svofelldan:

Samning

1. gr.

Markmið:

Skaftárhreppur styrkir Lífjölf til að halda úti björgunarstarfsemi í Skaftárhreppi.

2. gr.

Skyldur Lífgjafar:

Lífjölf skal standa fyrir áramóta- og/eða þrettándabrennu og flugeldasýningu í Áltaveri hvert ár.

Halda úti rekstri Lífgjafar með tilheyrandi búnaði í því skyni að auka öryggi íbúa svæðisins.

3. gr.

Skyldur Skaftárhrepps:

Árlegur rekstrarstyrkur til viðhalds, rekstrar, kaupa á búnaði, vegna brennu og flugeldasýningar á gamlárskvöld eða á þrettandanum, að upphæð kr. 600.000 í fjórum greiðslum 1.febrúar, 1.maí, 1.ágúst og 1.nóvember.

4. gr.

Tengiliðir:

Skaftárhreppur: Sveitarstjóri, hvers tíma.

Lífjölf: Formaður, hvers tíma.

5. gr.

Framsal:

Aðila er óheimilt að framselja réttindi á grundvelli samningsins nema að fengnu skriflegu samþykki gagnaðila.

6. gr.

Ábyrgðartakmarkanir:

Bótaskylda aðila innan samnings þessa takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir.



7. gr.

Gildistími:

Samningur þessi gildir 3 ár frá og með undirritun samnings þessa.

8. gr.

Uppsögn og riftun:

Hægt er að segja upp samningi þessum með 3 mánaða fyrirvara. Hvorum aðila er heimilt að rifta samningi þessum ef um verulega vanefndir er að ræða. Riftunin skal vera skrifleg, rökstudd og send gagnaðila með sannanlegum hætti. Riftun skal miðast við næstu mánaðamót eftir að riftunarlýsing hefur verið send. Að öðru leyti gilda almennar reglur kröfuréttarins.

9. gr.

Varnarþing:

Ef upp koma mál vegna ágreinings um framkvæmd samnings þessa sem ekki er mögulegt að leysa með samkomulagi beggja skal reka málið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

Kirkjubæjarklaustri, 3. janúar 2023

*F.h. Skaftárhrepps
Einar Kristján Jónsson
sveitarstjóri*

*F.h. Björgunarsveitarinnar Lífgjafar
Örvar Egill Kolbeinsson
formaður*